# Framfarir í fornleifaskráningu 2:

## *Myndmæling fornleifa í Grímsey*




**Gunnar Grímsson og Orri Vésteinsson**

**Fornleifastofnun Íslands ses**

**Háskóli Íslands – Rannsóknarstofa í fornleifafræði**

**Reykjavík 2023**

FS920-22121

Fornleifarannsóknir í Grímsey eru styrktar af Fornminjasjóði

Á forsíðu eru myndmælingar og teikningar af Briktatóft í Miðgarðatúni, EY-444:009.

©2023
FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES
BRÆÐRABORGARSTÍG 9
101 REYKJAVÍK
SÍMI:5511033
NETFANG: fsi@fornleif.is
www.fornleif.is

# Efnisyfirlit

Samantekt ..... 4
Summary ..... 4
Inngangur ..... 5
Myndmæling og fornleifaskráning ..... 7
Aðferðir ..... 7
Samantekt á niðurstöðum ..... 9
Áður skráðir staðir (A og B) ..... 10
Áður óskráðar minjar (C2 og C3) ..... 11
Staðir sem ekki reyndust fornleifar (C1) ..... 13
Umræða ..... 15
Niðurstöður ..... 17
Viðauki 1. Myndkort af jörðum í Grímsey með staðsetningu minjastaða og greindra ummerkja. Nýskráðir staðir (C3) eru með bráðabirgðanúmerum – sjá Viðauka 3 ..... 18
Viðauki 2. Myndgögn um áður skráða staði (A, B og C2) ..... 28
Viðauki 3. Myndgögn um nýskráða staði (C3). Tímabundin númer í sviga. ..... 45
Viðauki 4. Greinargerð um ofskráða staði (C1). ..... 54

# Samantekt

Sumarið 2022 var Grímsey kortlögð með flygildi og gerð myndmæling af allri eyjunni til að greina ummerki um fornleifar. Farið var á vettvang og myndmælingagögnin borin saman við niðurstöður fornleifaskráningar sem gerð hafði verið 2007 og við aðstæður á vettvangi. 52 minjastaðir greindust til viðbótar við þá 236 sem skráðir höfðu verið 2007. Það er 22% fjölgun. Þetta eru annarsvegar staðir á svæðum þar sem ekki var gengið 2007 og hins vegar minjar í þéttbýlinu sem liggja á mörkum þess að teljast til fornleifa. Til viðbótar skilaði mælingin myndgögnum um 56 staði sem ekki höfðu verið teiknaðir 2007 og endurskoðun á teikningum í 28 tilfellum.

43 staðir þar sem ummerki eru sýnileg greindust ekki á myndgögnum og 36 staðir voru greindir sem reyndust ekki vera fornleifar. Ljóst er að myndmæling skilar umtalsverðum viðbótarupplýsingum og betri gögnum en hefðbundin fornleifaskráning, en að sama skapi er skýrt að hún kemur ekki í stað hennar. Engin leið er að komast hjá því að sannreyna myndgögnin á vettvangi.

Þetta er önnur skýrsla rannsóknarverkefnis sem miðar að því að nota myndgögn sem aflað er með flygildi til að bæta aðferðir í fornleifaskráningu á Íslandi.

**Efnisorð**: Grímsey, fornleifaskráning, flygildi, myndmæling

# Summary

In 2022 the island of Grímsey was mapped with drone photography and photogrammetry used to identify archaeological remains. The results were ground-truthed in the field and compared to a previous survey carried out in 2007. 52 sites were added to the previous number of 237 recorded in 2007. This is an increase of 22%. The additions split more or less evenly between areas which had not been field-walked in 2007 and the more developed parts of the island where it can be challenging to decide whether recent heritage is archaeological or not. In addition, the photogrammetric analysis resulted in maps of 56 sites which had been recorded but not drawn in 2007, and revisions of maps in 28 cases.

Analysis of the photogrammetric data did not pick up on visible remains in 43 cases and 36 features were recorded which turned out not to be archaeological. It is clear that aerial photogrammetry produces much better records of the sites than conventional survey, but at the same time it is clear that there can be no substitute for observing the sites in the field.

This is the second report of a research programme which aims to improve methods of archaeological field survey in Iceland through the use of drone photography.

**Keywords:** Grímsey, archaeological survey, drone, photogrammetry

# Inngangur

Notkun flygilda við fornleifaskráningu hefur færst mikið í vöxt á undanförnum árum og er sýnt að þau geta bætt mikið aðferðir við skráninguna. Mest hafa flygildin verið notuð til að ná skámyndum af minjastöðum en með því móti er aflað mun betri gagna en þegar myndir eru teknar á jörðu niðri. Viðbótartími og kostnaður sem fylgir slíkum myndatökum er ekki umtalsverður og er þetta því sjálfsögð viðbót við hefðbundna aðferðafræði. En með flygildunum opnast einnig möguleikar á róttækari umbótum.

Með sinni lágu flughæð gera flygildin kleift að afla myndgagna í mikilli upplausn yfir samfelld svæði sem síðan er hægt að greina með skipulegum hætti. Myndgögnin geta verið af ýmsu tagi – venjulegar ljósmyndir, hitamyndir, lidar, myndmæling (e. photogrammetry) og fleiri – en tilraunir hafa einkum verið gerðar með myndmælingu og er sú aðferð lögð til grundvallar hér.

Markmiðið er að þróa aðferðafræði sem varðveitir alla kosti hefðbundinnar fornleifaskráningar en nýtir myndgögn til að:

- bæta heimtur. Stærsti veikleiki hefðbundinnar fornleifaskráningar er að aðeins er gengið um þau svæði þar sem vísbendingar eru um fornleifar og því er viðbúið að ekki finnist allir staðir, sérstaklega ekki á víðavangi fjarri leiðum og öðrum minjastöðum.
- afla betri gagna. Þrívíddarmyndir af mannvirkjaleifum eru betri heimildir heldur en loftmyndir eða teikningar gerðar á jörðu niðri.
- stytta tíma á vettvangi og við úrvinnslu.

Skref í þessa átt var tekið 2020 þegar höfundar þessarar skýrslu gerðu tilraun með samanburð á skráningu með flygildi og hefðbundinni aðferð.[1] Hvor skráði með sinni aðferð án þess að vita um niðurstöður hins og voru gögnin síðan bornar saman. Kostir myndmælingar sem heimildar um minjastaði komu berlega í ljós. Bæði fengust betri gögn um marga staði og fornleifar sáust á myndgögnunum sem ekki voru skráðar á vettvangi. Á hinn bóginn sáust margir staðir ekki á myndgögnum sem skráðir voru á vettvangi og allmargir staðir voru greindir sem síðan reyndust ekki vera fornleifar. Í fyrri skýrslu voru settar fram tillögur um

---

[1] Gunnar Grímsson & Orri Vésteinsson 2021, *Framfarir í fornleifaskráningu I. Samanburður á skráningu með hefðbundnum aðferðum og með flygildi*, Reykjavík: Rannsóknastofa í fornleifafræði.

möguleg næstu skref og ein var sú að gera myndmælingu á svæði sem þegar hefði verið skráð og bera gögnin saman. Tækifæri til að gera einmitt þetta opnaðist þegar Elín Ósk Hreiðarsdóttir fornleifafræðingur á Fornleifastofnun leitaðist eftir samstarfi um rannsóknir í Grímsey. Annar skýrsluhöfunda (OV) hafði gert aðalskráningu fyrir eyjuna alla árið 2007 og skráð þá 236 staði.[2] Grímsey er mun stærri og með fjölbreyttara landslag og minjar en jörðin sem skráð var í fyrra verkefni (Hafþórsstaðir í Norðurárdal með 49 stöðum). Rannsóknirnar í Grímsey voru gerðar sumarið 2022 og voru hluti af stærra verkefni sem hafði þríþætt markmið sem öll lúta að því að leggja mat á ástand minja í Grímsey. Einn hluti fólst í borkjarnakönnun sem Elín og Ramona Harrison gerðu á öskuhaugi á Básum til að kanna aldur og ástand mannvistarlaganna. Annar fólst í því að leggja mat á minjar í hættu vegna landbrots. Til þess voru notuð sömu gögn og liggja til grundvallar hér en auk mats á stöðunni eins og hún er nú munu myndgögnin sem aflað var gera kleift að fylgjast nákvæmlega með niðurbroti sjávarbakkans á næstu árum og áratugum. Um þessa tvo verkþætti sem tengjast strandminjum er fjallað í sérstakri skýrslu en hér er gerð grein fyrir samanburði á myndgögnum sem aflað var með flygildi og eldri fornleifaskráningargögnum.

Gunnar var í Grímsey í seinni hluta maímánuðar 2022 og aflaði myndgagna með flygildi. Í kjölfarið greindi hann gögnin og gerði um það bráðabirgðaskýrslu sem Orri fór síðan með og bar saman við aðstæður á vettvangi í byrjun ágúst

Rannsókn þessi var unnin að frumkvæði Elínar Óskar Hreiðarsdóttur á Fornleifastofnun Íslands og er samstarfsverkefni Fornleifastofnunar og Rannsóknarstofu í fornleifafræði við Háskóla Íslands. Fornminjasjóður styrkti verkefnið sem unnið er í samráði við Akureyrarbæ og verkefnið „Glæðum Grímsey“ og verkefnisstjóra þess Örnu Björg Bjarnadóttur.

Bestu þakkir til starfsmanns flugturnsins í Grímsey fyrir gott samstarf á meðan myndgagna var aflað. Þeim fjölmörgu Grímseyingum sem veittu rannsókninni lið og greiddu götu okkar eru einnig færðar kærar þakkir, ekki síst Ragnhildur Hjaltadóttir á Gistiheimilinu á Básum fyrir höfðinglegar móttökur.

[2] Orri Vésteinsson, *Fornleifar í Grímsey. Aðalskráning 2007*, FS372, Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

# Myndmæling og fornleifaskráning

## *Aðferðir*

Notast var við DJI Matrice 210 flygildi frá Warm Arctic ehf með 20 megapixla ljósmyndavél. Flugleiðir voru fyrirfram skipulagðar með UGCS-hugbúnaðinum og var hæð flygildisins yfir jörðu sjálfvirkt rétt af til að tryggja jöfn gæði myndgagnanna. Flughæð yfir jörðu var 120 metrar, hliðar- og framskörun ljósmynda 60% og 75% og flughraði um 8 m/sek. Alls voru um 3100 ljósmyndir teknar á tveimur dögum. Skriflegt leyfi var fengið frá ISAVIA til flugs nærri Grímseyjarflugvelli og stöðug samskipti voru höfð við starfsmann flugturnsins á meðan flugi stóð, sem veitti einnig leyfi til að fljúga yfir sjálfa flugbrautina. Sérstakt tillit var tekið til fuglalífs á eynni en flygildið hafði engin áhrif á fugla þegar það var í 120 metra flughæð.

Úrvinnsla myndgagnanna fór fram í Agisoft Metashape og tók alls um 30 klst. Afurðir voru samsett loftmynd (e. *orthomosaic*) og hæðalíkan (e. *digital elevation model*) með 3,2 cm upplausn á mynddíl. Þær eru hvor um sig um 5,4 km$^2$ að flatarmáli og ná yfir alla eyna. Þær eru hnitsettar í ISN93 og eru með um tveggja metra hnitskekkju.

Myndgreining fór fram í QGIS-landupplýsingakerfinu. Fyrst um sinn voru myndþekjurnar sjálfar aðeins hafðar til hliðsjónar við greiningu en engar heimildir eða fyrri fornleifaskráningar. Rúðunet, 150 x 150 m að stærð, var lagt yfir myndþekjurnar og var einn reitur í rúðunetinu tekinn kerfisbundið fyrir í einu til að tryggja heildstæða skráningu. Allar sjáanlegar ójöfnur á hæðalíkani og litabreytingar á loftmynd, sem gátu mögulega talist til fornleifa, voru teiknaðar upp, gefin tímabundin númer og þeim lýst stuttlega. Gátu það verið eiginleg mannvirki sem og ummerki um mannlegar athafnir, líkt og torfristur. Óáþreifanlegar fornleifar, líkt og sagnastaðir og heimildir um horfnar minjar, voru undanskildar enda ómögulegt að staðsetja án ritaðra heimilda. Skráðir minjastaðir voru flokkaðir annars vegar í greinilega staði (sterkar líkur taldar á fornleifum) og hugsanlega (óvissa um skráningu og/eða aldur mannvirkisins). Eftir að hafa farið yfir alla eyna skipulega var skimað frjálst yfir hana og nokkrum minjastöðum, sem höfðu yfirsést, var bætt við skráninguna. Leiðir voru einnig teiknaðar upp en ekki var gerður greinarmunur á þeim og gátu það verið bæði fjárgötur og alfaraleiðir.

Að því loknu var allt ferlið endurtekið en skráningargögn frá 2007 (OV) voru þá höfð til hliðsjónar. Tímabundnum minjanúmerum var skipt út og eldri skráningarnúmer sett á þegar skráðar fornleifar. Nýskráðum minjum voru gefin númer eftir eldra skráningarkerfi en voru látin byrja á nr. 900 til aðgreiningar, þar sem eftir átti að sannreyna staðina á vettvangi og ljóst að einhverjar þeirra myndu falla burt. Stuttar athugasemdir voru ritaðar þegar munur var á

myndgreiningu og fyrri fornleifaskráningu og einnig fyrir áður skráðar minjar sem sáust ekki við myndgreiningu.

Í bráðabirgðaskýrslu um myndmælinguna voru staðir flokkaðir í þrennt eftir því hvort um var að ræða fornleifar sem skráðar höfðu verið 2007 og greindust á myndgögnum (A), staðir sem höfðu verið skráðir 2007 og þar sem ummerki sjást á yfirborði en voru ekki greindir á myndgögnum (B) og í þriðja lagi staðir sem ekki höfðu verið skráðir 2007 en greining myndgagna benti til að gætu verið fornleifar (C).

Vettvangsathugun beindist einkum að síðastnefnda flokknum, að sannreyna hvort um fornleifar væri að ræða eða ekki. Niðurstöður gátu verið þrennslags: staðurinn var ekki fornleifar (C1); það sem greindist á myndgögnum var hluti af þegar skráðum minjastað (C2) og um var að ræða minjastaði sem ekki höfðu verið skráðir 2007 (C3).

Á vettvangi var einnig farið á nær alla staði sem höfðu verið skráðir 2007 og sáust á myndgögnum (A), en myndmælingin gaf mjög oft tilefni til að endurskoða eldri lýsingar og teikningar (13 staðir) og í mörgum tilfellum fengust myndgögn af fornleifum sem ekki höfðu verið teiknaðar 2007 (56 – einkum þústir, rústahólar og garðlög). Hins vegar var látið mæta afgangi að skoða staði sem höfðu verið skráðir 2007 en greindust ekki á myndgögnunum (B). Við vettvangsathugun bættust við fimm staðir sem ekki höfðu verið skráðir 2007 og ekki greindust á myndgögnum. Allir áður óþekktir staðir voru mældir upp með Trimble Geoexplorer 6000 staðsetningatæki, tekin af þeim ljósmynd og samin hefðbundin lýsing sem síðan var færð inn í Ísleifu. Viðbótarathugasemdum og lýsingum á áður skráðum stöðum var einnig bætt við viðkomandi minjaspjald í Ísleifu.

Á stöðum sem ekki reyndust vera fornleifar var (í flestum tilfellum) tekin ljósmynd og rituð skýring á því hvers eðlis fyrirbærið var og fylgir sú skrá hér að neðan (Viðauki 4). Áhugavert er að í allmörgum af þeim tilfellum var um að ræða nývirki eða rask sem tekið hafði verið eftir við skráninguna 2007 og staðirnir útilokaðir á grundvelli upplýsinga sem þá fengust eða athugana sem gerðar voru. Hins vegar eru slíkar upplýsingar ekki skráðar eða a.m.k. ekki varðveittar og þær því ekki tiltækar þegar næsta yfirferð er farin. Álitamál er hvort það borgi sig að skrá slíkar upplýsingar til þess að koma í veg fyrir tvíverknað einhvern tíma í framtíðinni, en þetta tengist víðari álitamálum um skilgreiningu fornleifa og um skráningu menningarlandslags.

## *Samantekt á niðurstöðum*

| | *skráð 2007* | *(A) sáust á mynd-gögnum* | *(B) greindust ekki á mynd-gögnum* | *(C1) ofgreind* | *(C2) atriðum bætt við fyrri skráningu* | *(C3) nýir staðir greindir á mynd-gögnum* | *nýir staðir á vett-vangi* | *samtals 2022* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Básar* | 23 | | | | | 1 | 2 | 26 |
| | | 10 | 6 | 2 | 3 | | | |
| *Neðri Sandvík* | 25 | | | | | | | 26[3] |
| | | 3 | 4 | 4 | 1 | | | |
| *Efri Sandvík* | 24 | | | | | 1 | 1 | 26 |
| | | 2 | 5 | 1 | | | | |
| *Eiðar* | 21 | | | | | 3 | 1 | 25 |
| | | 7 | 3 | 3 | 3 | | | |
| *Sveinsstaðir* | 11 | | | | | 2 | 1 | 14 |
| | | 7 | 2 | 4 | | | | |
| *Miðgarðar* | 26 | | | | | 2 | | 28 |
| | | 11 | 7 | 2 | 1 | | | |
| *Sveinagarðar* | 16 | | | | | 5 | | 21 |
| | | 12 | 3 | 3 | 1 | | | |
| *Borgir* | 28 | | | | | 5 | | 33 |
| | | 16 | 6 | 5 | | | | |
| *Ytri Grenivík* | 5 | | | | | 1 | | 6 |
| | | 2 | 1 | | | | | |
| *Syðri Grenivík* | 33 | | | | | 14 | | 47 |
| | | 12 | 4 | 1 | 2 | | | |
| *Almenningur* | 24 | | | | | 17 | | 41 |
| | | 10 | 2 | 10 | | | | |
| *Samtals* | 236 | 92 | 43 | 35 | 11 | 52 | 5 | 293 |

*Tafla 1. Fjöldi fornleifastaða á jörðum í Grímsey. Skráning 2007 og sundurgreining á stöðum sem skráðir voru 2022.*

Í Töflu 1 eru teknar saman tölulegar niðurstöður verkefnisins. Í aðalskráningunni 2007 höfðu verið skráðir 236 fornleifastaðir í Grímsey. Af þeim greindust 92 á myndgögnunum en 49 greindust ekki (af þeim eru 6 sem ekki er getið um í greiningunni). 95 staðir (um 40% af

[3] Einn staður bættist við í yfirferð heimilda eftir að vettvangsvinnu var lokið.

þeim stöðum sem skráðir voru 2007) koma hér ekki við sögu en það eru annarsvegar fornleifar sem ekki eru mannvirki (16 þjóðsögustaðir og 19 örnefni) og hins vegar mannvirkjaleifar sem eru horfnar af yfirborði (60). Á meðal þjóðsögustaðanna eru raunar skýrt afmörkuð náttúrufyrirbæri, t.d. fornmannalegstaðurinn Grímur bóndi (EY-440:013) og huldufólksbústaðurinn Borgin (EY-446:006) sem sjást vel á myndmælingu og ómaksins vert væri að varðveita og birta myndgögn um.

## Áður skráðir staðir (A og B)

Um tveir þriðju þeirra staða sem skráðir höfðu verið 2007 greindust í fyrstu umferð á myndgögnunum. Í flestum tilfellum er um að ræða tóftir eða annarskonar mannvirkjaleifar sem annaðhvort blasa við á myndmælingunni – iðulega mun skýrar en á jörðu niðri eða á venjulegum loftmyndum – eða eru nógu skýrar til að ekki er vafamál að um fornleifar sé að ræða. Þegar myndmæling er borin saman við aðstæður á vettvangi er ekki alltaf augljóst af hverju sumar mannvirkjaleifar spretta fram mjög greinilega en aðrar síður. Atriði eins og búnaður, skilyrði við myndatöku og úrvinnsla geta mögulega haft áhrif á þetta og er það tilefni til frekari rannsókna.

Í mjög mörgum tilfellum sjást á myndmælingunni ójöfnur sem ekki sjást greinilega á vettvangi og / eða ekki þótti tilefni til að teikna við skráninguna á vettvangi 2007. Einkum á það við rústahóla þar sem búið er að slétta úr tóftum en upphækkun eða þúst er engu að síður greinileg. Í nokkrum tilfellum (13) gaf myndmælingin líka tilefni til að endurskoða túlkun mannvirkjaleifanna. Aftur eru það einkum merki um undirliggjandi rústahóla sem koma glöggt fram á myndgögnunum, bæði ytri mörk þeirra og misfellur sem geta bent til byggingaleifa. Greining sem gerð var á myndmælingunni áður en farið var á vettvang var oft ekki nákvæm varðandi lögun einstakra tófta eða byggingahluta, eða smáatriði eins og dyraop, en þegar mælingin var borin saman við aðstæður á vettvangi var auðvelt og fljótlegt að draga upp sannferðuga mynd af því sem sést á yfirborði.

Áður skráðir staðir sem ekki greindust í fyrstu umferð á myndmælingunni (B) skiptast í megindráttum í fernt. Í fyrsta lagi eru staðir (5) sem eru alveg skýrir í myndgögnunum en yfirsáust einfaldlega við greininguna. Það bendir til að aðferðafræði við greiningu myndgagna geti staðið til bóta og má örugglega bæta heimtur bæði með meiri þjálfun og

markvissari aðferðum.[4] Í öðru lagi eru staðir sem eru alveg skýrir á myndgögnunum (8) en voru taldir vera eitthvað annað við greiningu, oftast annaðhvort rof eða nývirki. Sums staðar var um að ræða ótvíræð nývirki sem vísa á eldri minjar (t.d. kirkjugarðurinn í Miðgörðum EY-444:002). Í þriðja lagi voru staðir þar sem ummerki á yfirborði voru ekki skýr (13) og þar sem viðbótarvitneskju (heimild eða frásögn) þarf til að greina með öryggi að um fornleifar sé að ræða.[5] Oft á tíðum er enginn eðlismunur á slíkum ummerkjum og ýmiskonar raski og nývirkjum sem sést á myndgögnunum. Greinandi sem hefur engin önnur gögn í höndunum getur því ekki annað en giskað og stappar nærri að það séu um helmingslíkur að greinandi giski rétt um slíka staði. Í fjórða lagi voru staðir (17) þar sem ummerkin voru í raun alveg óskýr og algerlega ómögulegt að greina án frekari vitneskju. Í þeim minnihluta af þessum tilfellum þar sem greinileg ummerki eru á yfirborði má vera að gæði myndgagnanna hafi haft áhrif á að staðir voru ekki greindir.

Fyrir utan að myndgögnin eru augljóslega betri og nákvæmari heimildir um það sem sést á yfirborði heldur en teikningar og ljósmyndir teknar á jörðu niðri er eftirtektarvert hversu mikil skekkja getur verið í einföldu atriði eins og norðurör í eldri gögnum. Áttaviti var ekki endilega með í för og tilfinning skráningarmanns fyrir réttum áttum getur verið harla ónákvæm en þessi takmörkun hefur horfið eftir að farið var að byggja teikningar á GPS mælingum.

## Áður óskráðar minjar (C2 og C3)

Eftir að greining myndmælingar hafði verið sannreynd á vettvangi voru 52 staðir sem bættust við skráninguna frá 2007. Þriðjungur þeirra var í Almenningi og annar tæplega þriðjungur í landi Grenivíkur en þriðjungur dreifist síðan yfir hinar jarðirnar átta. Í langflestum tilvikum er um að ræða fornleifar sem blasa við en ástæðurnar fyrir því að þær voru ekki skráðar 2007 eru einkum tvennslags.

Annarsvegar er um helmingur af þessum nýfundnu minjum á stöðum sem ekki var gengið á 2007. Í hefðbundinni aðalskráningu er aðeins gengið á þá staði þar sem einhverjar vísbendingar eru og oft uppgötvast þá fornleifar sem verða á vegi skráningarfólks en á þeim svæðum sem ekki er gengið um geta leynst minjastaðir og það eru þeir sem greinast á

---

[4] Hér má nefna EY-444:003, EY-444:005, EY-444:012 og EY-448:013, allt rústahólar í túnum sem höfðu verið merktir í fyrstu umferð en þóttu við nánari athugun ólíklegir og voru teknir út. Sameignileg einkenni þeirra, smáhólar í sléttuðum túnum, benda til að það sé flokkur sem vert sé að hafa sérstakar gætur á við greiningarvinnuna.

[5] Í þessum flokki eru EY-442:013 og EY-448:021. Á báðum stöðum er um að ræða daufar litabreytingar á gróðri sem voru ekki sjáanlegar á þeim árstíma sem flogið var yfir með flygildi (maí), en hefðu e.t.v. sést í júní/júlí.

myndgögnunum. Eftir því sem slík svæði eru stærri og lengra á milli staða sem vísbendingar eru um aukast líkurnar á að minjastaðir verði út undan með hefðbundinni aðferð. Allir nýju staðirnir í Almenningi eru af þessu tagi, en aðeins reytingur innan heimalanda og mest í jöðrum þeirra, einkum Grenivík.

Hins vegar eru staðir sem álitamál er hvort telja skuli til fornleifa og voru ekki teknir með við vettvangsskráninguna 2007. Það eru einkum mannvirkjaleifar frá upphafi vélaaldar og geta það bæði verið mannvirki úr torfi og grjóti sem óvíst er að séu eldri en hundrað ára og mannvirki úr steypu, járni eða öðrum efnum sem eru eldri. Myndgögnin hvetja til meira samræmis við greiningu á slíkum minjum, en með hefðbundinni aðferð vill oft vega þungt hvort einhverjar heimildir eru til um mannvirkið eða ekki – kálgarðar eru skráðir ef þeir eru sýndir á túnakortum frá því fyrir 1920 en ekki ef engar heimildir eru til um þá jafnvel þó þeir séu gerðir á sama hátt og þeir sem skráðir eru. Slíkt misræmi er augljóslega veikleiki og á grundvelli myndgagnanna er hægt að beita samræmdum skilgreiningum. Mest fjölgaði af þessum sökum kálgörðum, heygryfjum og brunnum sem í flestum tilfellum eru án mikils vafa 20. aldar mannvirki og er ekki hægt að útiloka að sum þeirra séu frá seinni hluta aldarinnar. Það er örugglega skynsamlegra að láta slíkar mannvirkjaleifar njóta vafans, og betra að útiloka þær aðeins ef heimildir eru til um ungan aldur þeirra heldur en að taka þær því aðeins með ef heimildir eru til um háan aldur þeirra. En þetta vekur upp álitamál um hvar og hvernig skynsamlegast sé að draga mörkin í fornleifaskráningu og hvort í raun sé gerlegt eða gagnlegt að halda þessari tvískiptingu til streitu. Við vettvangsathuganir voru þrír staðir þar sem greinileg mannvirki eru úr torfi útilokaðir vegna þess að vitneskja fékkst um að þeir væru frá síðustu 30 árum en jafnvel þetta orkar tvímælis. Sömuleiðis var ákveðið að skrá ekki sérstaklega pælur eða ummerki um torfskurð sem oft sjást ágætlega á myndgögnum. Pælur í kringum tóftir eru skráðar sem hluti af þeim minjastað en aðrir torfskurðarstaðir ekki. Þetta er í raun ekki rökrétt og afsakast mest af því að slíkir staðir eru mjög margir og stór hluti þeirra örugglega ekki gamlar. Þetta er áþekkt og með vörður sem örðugt getur verið að vita hvort séu gamlar eða nýjar.

Til viðbótar eru nokkur dæmi um óglöggar leifar sem jafnvel var staldrað við á vettvangi 2007 en þóttu þá ekki nógu skýrar til að skrá en sem myndmæling sýnir ótvírætt að eru minjastaðir. Dæmi um þetta eru EY-448:047 og EY-446:032.

Eitt gott dæmi er um markvillu,[6] þar sem áberandi tóft var skráð 2007 en ekki tekið eftir ágætlega skýrum tóftum í kringum hana (gerði EY-445:017).

[6] Sbr. Gunnar Grímsson & Orri Vésteinsson 2021, *Framfarir í fornleifaskráningu* I, bls. 10-11.

Til viðbótar við nýskilgreinda staði voru 11 dæmi um leifar sem sáust á myndmælingu og greindar sem sérstakir minjastaðir en sem á vettvangi reyndust vera hlutar af áður skráðum stöðum (C2). Þetta geta bæði verið dældir og hnúðar á rústahólum og tóftir eða byggingahlutar sem eru augljóslega hlutar af stærri minjaheild (3). Í þessum flokki lenda tvær tóftir sem 2007 höfðu verið skráðar sem einn minjastaður (EY-442:010) og er þar því ekki um neina viðbót að ræða.

## Staðir sem ekki reyndust fornleifar (C1)

36 staðir voru greindir sem mögulegar fornleifar á grundvelli myndmælingar sem vettvangsathugun sýndi að eru það ekki. Gerð er grein fyrir hverjum stað hér að neðan (Viðauki 4), en í meginatriðum er um þrennskonar ummerki að ræða.

Í fyrsta lagi eru ótvíræðar mannvirkjaleifar sem augljóst er, eða upplýsingar fengust um, að eru ekki fornleifar. Þar á meðal eru torfbyggingar frá seinni árum sem þegar hefur verið minnst á (3) en líka mannvirki þar sem jarðvegi hefur verið ýtt til og túristavörður. Í öðru lagi er ýmiskonar rask eftir vélar sem stundum tengist ákveðnum mannvirkjum (t.d. lögnum) en er oftar afleiðing af margvíslegum framkvæmdum sem hafa skilið eftir sig reglulegar misfellur sem geta litið út eins og mannvirkjaleifar. Meðal þessara eru staðir þar sem reglulegir blettir hafa orðið eftir vegna framkvæmda í kring en blettirnir sjálfir eru í raun ekki neitt sérstakt. Í þriðja lagi eru náttúrlegar ójöfnur – einkum rof og þúfnarimar – sem hafa reglulegt yfirbragð á myndgögnunum. Líklegt er að fækka megi ofgreiningum af þessu tagi með meiri þjálfun og bættum aðferðum. Það á einkum við síðastnefnda flokkinn en vandséð er hvernig hægt er að útiloka hina án frekari gagnaöflunar.

| *Líkindi* | *Fjöldi* | *Þar af áður skráðar minjar* | *Reyndist ekki vera minjar á vettvangi* | *Reyndist vera hluti af öðrum minjanúmerum* | *Reyndist vera óskráðar minjar* |
|---|---|---|---|---|---|
| *Greinilegt* | 115 | 75 | 9 | 3 | 28 |
| *Hugsanlegt* | 75 | 19 | 26 | 8 | 22 |
| *Samtals* | 190 | 94 | 35 | 11 | 50 |

*Tafla 2. Við greiningu myndgagna voru staðir flokkaðir í „greinilegt“ og „hugsanlegt“ og sýnir taflan hvernig útkoman var fyrir hvorn um sig.*

| | *Nútímarask* | *Nývirki* | *Náttúru-myndun* | *Torfrista* | *Viðbót við fyrri skráningu (C2)* |
|---|---|---|---|---|---|
| *Greinilegar minjar* | 440:902 | 441:903 | 439:902 | 446:902 | 445:014 |
| | 442:903 | | 701:904 | 446:904 | 442:010 |
| | 446:907 | | | | 444:010 |
| | 446:910* | | | | |
| ***Samtals:*** | **4** | **1** | **2** | **2** | **3** |
| *Hugsanlegar minjar* | 439:901 | 440:904 | 443:903 | 701:925 | 439:001(x2) |
| | 440:901 | 440:905 | 444:904 | | 439:014 |
| | 441:902 | 442:902 | 446:908 | | 440:017 |
| | 443:901 | 442:906 | 701:916 | | 442:005 |
| | 444:905 | 443:902 | 701:918 | | 442:010 |
| | 445:902 | 443:905 | | | 448:013 |
| | 445:906 | 701:901 | | | 448:022 |
| | 445:907 | 701:903 | | | |
| | 448:913 | 701:919 | | | |
| | 701:902 | | | | |
| | 701:920 | | | | |
| ***Samtals:*** | **11** | **9** | **5** | **1** | **8** |
| ***Alls:*** | **15 (42,5%)** | **10 (28,5%)** | **7 (20%)** | **3 (8.5%)** | |

*Tafla 3. Flokkun ofgreindra staða (N35 – þriðju dálkur í Töflu 2) eftir því hvað reyndist vera á hverjum stað (Sjá að neðan: Greinargerð um ofskráða staði).*

* blanda af öðrum minjum og nútímarask.

# Umræða

Kostir myndmælingar fyrir fornleifaskráningu eru einkum þeir að hún bætir heimtur umtalsvert og skilar betri myndgögnum um þá staði þar sem mannvistarleifar sjást á annað borð á yfirborði. Þá er það verulegur kostur að myndmælingin skráir með heildstæðum hætti yfirborð landsins á tilteknum tímapunkti og að hægt er að ganga að gögnunum þar eftir, til að kanna staði sem athygli beindist ekki að í fyrri umferð og endurmeta túlkun á öðrum.

Ef gera ætti myndmælingu að föstum lið í fornleifaskráningu myndi það hafa umtalsverðan viðbótarkostnað í för með sér. Eins og staðið var að mælingum í Grímsey (og á Hafþórsstöðum þar á undan) myndi ferðakostnaður tvöfaldast (tvær ferðir á vettvang í stað einnar) og tími á vettvangi lengjast verulega, sem og úrvinnsla. Í Grímsey tók myndatakan tvo heila daga en skráningin á sínum tíma átta daga. Erfiðara er að leggja mat á hvernig úrvinnslan kæmi út enda er hægt að ganga mislangt í því hversu mikið er unnið með mæligögnin áður en haldið er á vettvang, en ætla má að myndmæling myndi bæta um 25-33% við kostnað við hefðbundna fornleifaskráningu. Ef horft er til þess að mælingin skilaði 22% aukningu í skráðum stöðum þá má líta svo á að það sé vel ásættanlegur kostnaðarauki. Á hinn bóginn er aðalástæða þess að hægt gengur að skrá fornleifar á Íslandi að engar fastar fjárveitingar eru til þessa verkefnis og það byggir alfarið á vilja og getu sveitarfélaga og framkvæmdaaðila til að standa straum af kostnaði við fornleifaskráningu. Það þýðir að „greiðsluvilji" er takmarkaður og líklegt að dýrari verðmiði á skráningu tiltekins landsvæðis myndi einfaldlega hægja á gangi verksins heilt yfir. Það er því ástæða til að þróa áfram aðferðir á þessu sviði með því augnamiði að bæta skilvirkni og jafnvel að lækka kostnað fremur en auka hann.

*Gagnaöflun*. Myndatakan sjálf er tímafrek. Eftir því sem lægra er flogið þeim mun betri er upplausnin og gæði gagnanna þar með meiri, en þeim mun lengri tíma tekur myndatakan. Gæði vélbúnaðar jafnt sem hugbúnaðar hafa áhrif á þetta og er viðbúið að hröð framþróun á þessu sviði muni gera kleift að fljúga hærra, og þar með afla jafngóðra eða betri gagna á styttri tíma en nú. Framþróun rafhlaðna mun auka skilvirknina til muna. Í þessu verkefni dreifðist gagnasöfnunin á tvo vinnudaga en töluverður tími fór í flugtök og lendingar og svo biðtíma meðan rafhlöðurnar voru í hleðslu. Eftir því sem rafhlöður verða endingarbetri fer minni tími í slíka hluti. Flygildin komast nú þegar upp í 500 m hæð yfir jörðu en sækja mætti um undanþágu til flugs yfir 120 m, fá t.d. að vera í 2-300 metra hæð. Ástæða er til að kanna betur hvar mörkin liggja miðað við núverandi tækni – hversu mikið tapast og sparast

